

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Svar við fyrirspurn D lista um leigu annarra sveitarfélaga á húsnæði í Mosfellsbæ

Dags: 11. ágúst 2023

Málsnúmer: 202303419/10.9.0

Sendandi: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Efni:

Á 1573. fundi bæjarráðs þann 23. mars sl. var til umfjöllunar tillaga bæjarfulltrúa D lista svohljóðandi:

Bæjarstjóra og velferðarsviði er falið að afla upplýsinga um hve margar íbúðir Reykjavík og önnur sveitarfélög leigja í Mosfellsbæ fyrir flóttafólk og einnig hve margar félagslegar íbúðir á vegum annara sveitarfélaga eru í Mosfellsbæ.

Bæjarráð samþykki með meirihluta atkvæða að fela bæjarstjóra að afla upplýsinga í samræmi við tillöguna.

Svar:

Aflað var upplýsinga hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem og Vinnumálastofnun um hvort og þá hversu margar íbúðir leigðar væru af viðkomandi stofnunum í Mosfellsbæ.

Svör bárust frá Garðabæ, Reykjavík og Kópavogi og voru svörin öll á þá leið að ekkert húsnæði sé leigt eða framleigt í Mosfellsbæ.

Ekki bárust svör frá Vinnumálastofnun, Hafnarfirði eða Seltjarnarnesi þrátt fyrir ítrekun þess efnis.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem undirrituð sem og verkefnastjóri í móttöku flóttafólks í Mosfellsbæ hafa leigir Vinnumálastofnun ekkert húsnæði í Mosfellsbæ á þessum tímapunkti, það sama á við um Hafnarfjörð og Seltjarnarnes. Hins vegar ber að nefna að flóttafólk sem kemur inn í móttökusveitarfélögin Reykjavík, Hafnarfjörð eða Reykjanesbæ fær tilvísun frá Vinnumálastofnun inn í eitthvert af þeim sveitarfélögum sem eru með samning um samræmda móttöku, eins og Mosfellsbæ, og fær þá aðstoð frá starfsmönnum samræmdrar móttöku við og eftir flutning til þess sveitarfélags.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölfnisdóttir